



**Gagnsæi samtök gegn spillingu**

kt. 701214-1450  
Gimli, Háskólatorgi  
101 Reykjavík  
Ísland

## **Fundargerð aðalfundar 2017**

Aðalfundur Gagnsæis fyrir árið 2017 var haldinn 10. maí 2017 kl. 17:00 í Odda, stofu 101, Háskóla Íslands. Löglega var til fundarins boðað. Fundurinn kaus Guðrúnu Johnsen fundarstjóra og Eddu Kristjánsdóttur ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

### **1. Ársskýrsla um starfsemi samtakanna.**

Fráfarandi formaður, Jenný Stefanía Jensdóttir flutti ágrip af ársskýrslu (sjá [www.gagnsaei.is](http://www.gagnsaei.is)) og kynnti ársreikning félagsins 2016, sem var samþykktur einróma.

### **2. Stjórnarkjör og kosning nýs formanns.**

- Jenný Stefanía Jensdóttir lét af störfum sem formaður og var henni þakkað fyrir vel unnin störf sem formaður félagsins. Fyrir fundinum lá tillaga um að Jón Ólafsson, stjórnarmaður í Gagnsæi, tæki við formennsku og var það samþykkt einróma.
- Að öðru leyti mun stjórn sitja áfram uns næsti félagafundur verður haldinn.

### **3. Lagabreytingar.**

Stjórnin lagði ekki fram lagabreytingar á samþykktum félagsins.

### **4. Stefnumrá og starfsáætlun næsta árs.**

Nýkjörinn formaður, Jón Ólafsson kynnti starfsáætlun og stefnumótuin til framtíðar. Nefndi hann eftirfarandi þrjú forgangsatriði fyrir næsta ár:

#### **1. Félagið sjálft:**

- a. Ná þarf betra sambandi við félagsmenn, fjölga félögum og auka virkni þeirra.
- b. Einnig þarf að bæta heimasíðu félagsins.

#### **2. Vitundarvakning**

- a. Verið er að skipuleggja námskeið með Endurmenntun Háskóla Íslands til að koma spillingarumræðu betur inn í faglega og akademíska

umræðu og gefa fagfélögum og öðrum kost á að auka þekkingu sína á spillingarhættum og spillingarvörnum.

3. Einstök mál sem félagið mun einbeita sér að:

- a. Löggjöf um verndun uppljóstrara, en félagið mun stuðla að því að lagt verði fram frumvarp í þinginu, því það ætti að vera þverpólitísk samstaða um að setja reglur um þetta brýna mál.
- b. Skoða hvar félagið getur beitt sér í einstökum málaflokkum, t.d. opinberum innkaupum.
- c. Kanna hvar félagið getur þrýst á jákvæðar umbætur og á hvaða hátt.

5. Kjör skoðunarmanns Gagnsæis.

Einar Guðbjartsson var samþykktur skoðunarmaður.

6. Önnur mál.

Gagnsæi hefur sótt um næsta stig í aðildarferli sínu innan Transparency International hreyfingarinnar, en það er s.k. Landsdeild í mótun (e. national chapter in formation). Þegar þessum áfanga er náð mun félagið fá leyfi til að nota merki og nafn samtakanna, eða "Transparency International Iceland".

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 18:00.

Guðrún Johnsen

Edda Kristjánsdóttir